

AFSTÖÐUMYND M 1:500



SKÝRINGARMYND M 1:300

Öll mál áttugist á staðnum - ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax

a. HEITI

Götuheiti:	**Norðurhella 1 - Hafnarfjörður**
Landnúmer:	L204714
Stofngreinir:	1400-1-66350010
Matshluti:	01

b. ALMENN LÝSING

Byggingin að Norðurhellu 1 - matshluti 01, er verslunarhúsnæði á einni hæð. Aðalinngangar eru á vesturhlið. Vöruaðkomur eru á norður-og suðurhlið. Í húsinu eru tvær versianir, matvöruverslun Krónunnar og bókaverslun, ásamt tilheyrandi vörumóttökum, tæknirýmum, vinnslu á baksvæðum og annarri starfsmannaaðstöðu. Allokuð aðstaða fyrir sorp er í suðurhluta lóðar fyrir báða rekstraraðila versiananna.

Um er að ræða einn matshluta. Byggingin er hönnuð í samræmi við kröfur um algilda hönnun sem gilda fyrir þá starfsemi sem byggingin er ætluð fyrir.

Matvöruverslun Verslun Krónunar, í eignarhluta 01-01, er almenn matvöruverslun með tengda þjónustu. Fjöldi starfsmanna er 8-12 manns. Á baksvæðum er komið fyrir þeim rýmum sem til þarf s.s. starfsmannaaðstöðu, vörumóttöku, kælum fyrir grænmeti og kjöt ásamt frysti, vinnslu fyrir skurð og pökkun á kjöti ásamt eldun á kjúklingi.

Útileigurými með veitingastað verður er í norðurhluta byggingar, í eignarhluta 01-02.

Um er að ræða veitingastað í flokki I. sbr. reglugerð nr. 1277 / 2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. 17.gr. flokkun veitingastaða.

Tegund veitingastaðs í flokki C; veitingastofa og greiðasala sbr. 18.gr. tegund veitingastaða.

Starfsmannafjöldi er **6 starfsmenn að jafnaði.**

Fjöldi sæta fyrir gesti til að borða á staðnum eru alls **14 sæti.**

Dominos er veitingastaður sem selur mat til að taka með. En einnig eru sæti á staðnum fyrir alls að 14 manns til að borða. Veitingastaðurinn sérhæfir sig í sölu á pizzum. Engin eldamennska fer fram í bakrýmum. Allur matur er framleiddur annars staðar og engin matvælaframleiðsla fer fram á staðnum önnur en að álegg og ostur er sett á deigið sem kemur frosið og fer eldamennskan því einungis fram í pizzaofni sem er staðsettur frammi í framleiðslurýminu. Allt hráefni kemur tilbúið á staðinn.

Í starfsmannaaðstöðunni er búningsherbergi með tæstum fataskápum. Gert er ráð fyrir 6 stæðugildum að jafnaði en alls eru 11 starfsmenn geta verið að störfum í svokölluðum Megavikum. Starfsmenn munu skiptast á að fara í kaffi.

Komið verður fyrir nýrri lofttæs frá öllni veitingastaðarins. Loftræsin fer upp í gegnum þakið. Loftræsin verður heilsoðinn inni og í gegn um þakið og nær 100 sm yfir þakyfirborð (frágangur í samr. við grein 9.6.14).

Loftræsing hússins er samkvæmt gildandi reglugerð. Öll lokuð rými verða loftræst vélrænt.

Steypt sorpgerði er staðsett fyrir framan vörumóttöku leigurýmis. Þar eru geymd vörubretti og sorp sem fellur til á vinnutíma en aðal sorpgeymslusvæði fyrir sorpgáma er staðsett á útisvæði Krónunnar þar sem einnig eru fyrir gámar verslunar Krónunnar.

Brunavarnir leigurýmis

Leigurýmið er u.þ.b. 184 m² að stærð og frá því eru tvær áhóðar flóttaleiðir, önnur um aðalinngang og hin út í gegnum kaffistofu bakatil.
Allt húsið er varið með vatnsúðakerfi og á það einnig við um þetta rými. Stjórnherbergi er staðsett baka til við verslun Krónunnar og er aðgengilegt utan frá.
Sjálfvirkt viðurkennt brunaviðvörunarkerfi, tengt vaktstöð, er í öllu húsinu. Stjórnstöð er staðsett í stjórnherbergi vatnsúðakerfis en út-stöð er staðsett við inngang í leigurými.
Reyklosun frá rýminu er um tvær hurðir (alls samtals 3,9 m2) í sitt hvorum enda rýmisins.

Steypt sorpgerði sem er fyrir utan vörumóttöku leigurýmis og er fjarlægð þess í 3,7 m frá húsi og telst það ásættanlegt þar sem útveggir hússins eru steyptir og þ.a.l. í flokki 1.

Almenn bílastæðalýsing verður á lóðinni auk sérstakrar lýsingar við innganga og meðfram húsi. Þurfi sérstaka lýsingu á skilti eða merkingar á vegum einstakra leigutaka þá verður hún samræmd þeim liðlit til útlits byggingar og svæðis.

Byggingin er samkvæmt gildandi deiliskipulagi og innan skilgreinds byggingarreits.

Mannvirkið er staðsteypt einangrað að innan nema þar sem viðarklæðning kemur við inngangssvæði en þar eru útveggir einangraðir að utan. Einangrun er innan á sökkli og 1 m inn undir gólfplötu. Útveggir eru staðsteyptir, ytra yfirborð er silanborin sjónsteypa, einangraðir að innan með 100 mm plasteinangrun, eða sambærilegu og múraðir að innan. Úrtök í staðsteyptum útvegg eru klædd gólklitaðri áplöstuklæðningu festum á díl -Z-leiðara. Á útveggjum til vesturs er standandi leirklæðning við anddyri og inngangssvæði.

Þak er úr stáltrapizum sem spanna milli megin stálbita þakgrindar. Ofan á trapisuplötur koma þrjú lög af þakeinangrun, neðstur lagið er 40 mm þykkt, miðlagið er 105 mm þykkt og efsta lagið er 40 mm að þykkt. Á milli kemur rakavarnarlag. Ábræddur verður asfaltþappi í tveimur lögum, efra lagið er heilloræett á neðra lagið.

b.1. Gluggar, litir á gluggum og hurðum er í RAL 7016, "anthrazitgrau" að lit. Gluggar í útveggjum eru álgluggar og gert er ráð fyrir kassalaga holorfilkerfi með rofinni kuldabrú. Gler í gluggum er verksmiðjuframleitt tvöfalt einangrunargler.

b.2 Hurðir í aðaliinngangi verslunarinnar eru rafdrifnar með þar tilteknum búnaði og í sama kerfi og álgluggakerfi í framhlið. Einnig er inngangshurð inn í leigurými í gluggakerfi. Aðrar gönguhurðir eru stáhurðir í sama lit, hurð í vörumóttöku er úr samlokueiningum, rafdrifin. Brunakröfur hurða koma fram í katla um brunavarnir og á teikningum arkitekts. Innihurðir verða hefðbundnar timburhurðir og stálhurðir, nema annað komi fram á sérhlutateikningum arkitekts.

b.3 Innveggir eru úr 12 mm spónaplötum og 13 mm gifsplötum á tréstoðum og eru sumir innveggir einangraðir með þéttull og eru klæðningar í flokki 1.

Í votrýmum og þar sem vinnsla á matvælum fer fram, eru þar til gerðar rakaþolnar gifsplötur á innveggjum.

c. MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS

Sorpgeymsla og flokkun sorps er staðsett sunnanmegin byggingar. Gólf undir sorpgámum á lóð er steypt plan með vatnshalla að hvelmur niðurfollum. Snjóbræðslukerfi er undir steyptu plani. Aðgengi er að smúlslóngu sem er á baksvæði matvöruverslunar. Fjöldi og stærð tunna/gáma verður í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar. Sorp er flokkað í þar tilgerð ílát, stærðir og gerð samkv. reglugerð. Sama aðstaða er notuð fyrir almennt sorp frá matvöruverslun og útileigurými sem er í norðurhluta byggingar.

d. TÆKNIBÚNAÐUR

Véltúnaði fyrir kæla og frysta í versiun er í tæknirými á baksvæði sem er með sér aðkomu utan frá. Aðstaða fyrir gólfhreinsivélar er á baksvæði.

e. SKILTI

Skiltum er komið fyrir á að minnsta kosti þremur útveggjum byggingar; vestur- austur- og norðurhlið, samanber uppdrátt með ásýndum.

Stærð og lögun skilta verður nánar útfært á verkteikningum.

f. AÐKOMA OG FRÁGANGUR LÓÐAR

Aðalaðkoma inn á lóð er frá Norðurhellu en önnur aðkoma er í norðri frá, samanber gildandi deiliskipulagi.

Yfirborð bílastæða og svæðis vestan byggingar er malbikað en næst inngangi er hellulagt. Svæði næst vörumóttökum og undir sorpgeymslu er steinsteypt og með snjóbræðslukerfi. Steyptur veggur, 2.1 m há skjólgirðing með kæstu hliði er umhverfis sorpaðstöðu. Lágur steðveggur kemur í framhaldi af steypta veggnum til að taka við landhallanum milli lóðanna og er hæð hans ca. 0,6 m.

Bílastæði starfsmanna eru innan lóðar. Á gönguleiðum upp við byggingu er yfirborð gönguleiða hellulagt og upphitað að hluta. Hrísla af íslenskum trjám er komið fyrir á lóð, samanber afstöðumynd og hraunflákum verður haldið ósnortnum eins og hægt er. Lýsing utanhúss verður á útveggjum byggingarinnar og með ljósastaurum á bílaplani.

Sjá nánar upplýstt með lóðarhönnun frá landslagsarkitekti.

g. LAGNIR OG LOFTRÆSING

g.1 Fráveitulagnir

Lagt verður tvöfalt kerfi annars vegar fyrir skólplagnir og hinsvegar fyrir regnvatnslagnir. Skólplagnir verða tengdar við fráveitukerfi bæjarins en regnvatnslagnir við regnvatnskerfi bæjarins. Niðurföll á lóð verða með sandgildrum. Komið verður fyrir fituskilju frá þeim rýmum sem við á. Lagnir verða plastlagnir.

g.2 Lagnir

Vatnsinntök eru í þar til gerðu inntaksrými. Lagnaleiðir eru við loft, á veggjum og verða að mestu sýnilegar og aðgengilegar.

g.3 Hitakerfi

Í verslunarrýmum og lagersvæðum hitað með hitablásurum en í öðrum rýmum er upphitað með ofnum. Lagnir verða hefðbundnar stállagnir.

Sjá nánar varmatapsútreikning frá Ferli dags. 19.06.19.

g.4 Neysluvatnskerfi

Heitt neysluvatn verður upphitað kalt vatn um varmaskiptir þannig að hámarkshitastig vatns fari ekki yfir 65°C. Lagnir verða almennar plastlagnir en sýnilegar lagnir eru þunnveggja ryðfríar stállagnir. Við öll hreinlætistæki skulu vera tengikranar.

g.5 Loftræsikerfi

Starfsmannarými og lokuð innrými verða loftræst, sérstaða útsogskerfi verður frá eldhúsi ásamt leigurýmum. Stokkar verða hefðbundnir blikkstokkar ásamt heilsoðnum stokkum frá eldunaraðstöðu.

g.6 Vatnsúðakerfi

Öll byggingin verður varin með sjálfvirku vatnsúðakerfi *(áhættuflokkur samk. Brunahönnuði)*, lagnir verða hefðbundnar stállagnir.

g.7 Snjóbræðslukerfi

Gangstígar og plan fyrir framan lager ásamt bílastæði fyrir hreyfihamlaða verða snjóbræsda. Kerfið verður lokað kerfi með forhitara ásamt viðeigandi stjórnbúnaði, lagnir verða plastlagnir.

g.8 Kæli- og frystikerfi

Í húsinu eru kæli- og frystikerfi. Notuð verður kolsýra (CO2) sem kæli- og frystimiðil og er magn hans um 125 kg. Allur vélbúnaður kæli- og frystikerfis er staðsettur utandyra í lokaðri girðingu.

Í vélabúnaði eru staðsettir CO2 - skynjarar sem tengjast viðvörunarkerfi og aðvara þannig strax um leka á kerfinu.

h. RAFKERFI

Inntök lágspennu er í aðaltöflu sem staðsett er í bakrými.

Dreifi-og greinatöflur eru ýmist í bakrýmum og í verslunarrýmum. Þar sem töflur eru í verslunarrýmum eru þær læstar. Inntök smáspennu eru í sérrými í starfsmannahlutanum í verslun. Lagnaleiðir lág- og smáspennukerfa verða huldar eða utanáliggjandi. Að jafnaði verða lagnaleiðir á lagnastigum í lofti eða á vegg. Innfelldar pípulagnir verða í loftum, lóðrum veggjum og gólfum fyrir lagnaleiðir að jaðarbúnaði, eftir því sem við á. Í tilfellum sem notaðar verða utanáliggjandi pípur verða þær úr óli eða höggheldu plasti.

Lagnaleiðir utanhúss eru og verða plastpípulagnir í jörðu og verða þær samræmdar þannig að lagnaleiðir rafkerfa fylgja lögnum annarra kerfa þar sem því verður við komið.

Rafbúnaður verður hefðbundið innlagnaefni eftir því sem við á á hverjum stað. Ljósum verður almennt miðstýrt með ljósastýrikerfi.

Birtustróf fyrir lýsingu verða í samræmi við reglugerð um birtu (lux) í einstökum rýmum. Lýsing verður hefðbundin ýmist utanáliggjandi eða innfelld og lampar valdir í samræmi við notkun rýmisins.

Í alla byggingunna verður sett sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi tengt inn á viðurkennda vaktstöð. Kerfið skal vera viðurkennt númerað kerfi, hannað og uppsett í samræmi við reglur og leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar og ÍST EN 54. Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis verður á baksvæði en útstöðvar við aðaliinngang verslunarinnar og við aðaliinngang á leigurými.

Við stjórnstöð og útstöðvar skal setja yfirlitsmynd. Kerfið skal vera þjónustað af aðila viðurkenndum af Mannvirkjastofnun.

Út-og neyðarlýsing verður sett upp í byggingunni skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172, og öðrum tengdum stöðlum. Í flóttaleiðum verður neyðarlýsing a.m.k. 1 lux en 0,5 lux á opnum svæðum. Sett verða Út-ljós á flóttaganga sem sýna á einfaldan og auðskiljanlegan hátt flóttaleiðir út úr byggingunni í samræmi við ÍST ISO 1838. Ef sett verða efirráðlýsandi merki uppfylla þau ÍST 16069. Nánari lýsing og útfærsla á kerfunum er að finna á sérteikningum af kerfunum.

Í frysti verður komið fyrir neyðarbjöllu og neyðarlýsingu.

I. BURÐARVIRKI

Byggingin verður grunduð á þjöppuðum malarpúða. Undirstöður, botnplata og útveggir verða staðsteypt og stálbitar verða í þaki. Þak verður klætt með trapisuplötum, einangrun og þakdúk.

Einangrað verður innan á sökkla og 3,5 m undir plötu frá sökkli, með 100mm plasteinangrun.

j. HELSTU STÆRÐIR (án botnplötu)

Brúttó flatarmál byggingar	1.492,9 m²
Brúttó rúmmál byggingar	7.739,2 m³

k. STÆRÐ LÓÐAR,BÍLASTÆÐI, NÝTINGARHLUTFALLI

Stærð lóðar:	6.692,5 m²
Fjöldi bílastæða:	90 stæði
Þar af fyrirhreyfihamlaða;	3 stæði
Nýtingarhlutfall:	0,22

Hæð mannvirkis, nýtingahlutfall og fjöldi bílastæða á lóð samræmist ákvæðum í gildandi deiliskipulagi.

l. BRUNAVARNIR

Eftirfarandi brunavarnatexti er gerður af Lotu ehf í júlí 2019, uppfærður í nóvember sama ár og í mars 2020. Ekki er um frekari brunahönnunarskýrslu að ræða. Um er að ræða verslunarhúsnæði á einni hæð.
Lausnir eru almennt í samræmi við forskriftaráðkvæði byggingarreglugerðar.

L.1. Flokkun og notkun byggingar

Byggingin er verslunarhúsnæði, alls u.þ.b. 1493 m² og er í notkunarflokki 2.

L.2. Meginbrunahólfun / Brunahólfun

Byggingin er að mestu eitt meginbrunahólf/brunahólf. Þetta er talið ásættanlegt þar sem byggingin er öll varin með sjálfvirku vatnsúðakerfi.
Tæknirými, sem m.a. hýsir stjórnbúnað vatnsúðakerfis, er sér brunahólf.
Steypt sorpgerði er fyrir utan vörumóttöku leigurýmis. Fjarlægð frá húsi að sorpgerði er 3,7 m sem telst ásættanlegt þar sem útveggir hússins eru steyptir og þ.a.l. í flokki 1.

L.3. Burðarvirki

Brunamótstaða aðalburðarvirkja verður a.m.k. R 60.

Burðarvirki í þaki verður óvarin stálgrind en súlur sem halda þaki uppi verða a.m.k. R 60. Þetta er talið ásættanlegt með tilkomu sjálfvirks vatnsúðakerfis í öllu húsinu ásamt reykflugum (a.m.k. 0,5% af gólfflatarmáli) í þaki.

L.4. Klæðningar

Klæðningar verða skv. staðlaröðinni ÍST EN 13501.

Allar innannústklæðningar verða í flokki 1: eða K210 B-s1,d0 nema í anddyri verslunarinnar, þar sem loftaklæðningar eru í flokki 2. Þetta er ásættanlegt með tilkomu vatnsúðakerfis í allri byggingunni.
Gólfefni í flokki G, eða Dfl-s1.

Upphengd loft skulu vera úr A-efnum.

Allar veggklæðningar úti verða í flokki 1: eða K210 B-s1,d0.

Þakklæðningar verða a.m.k. í flokki T, eða B(roof.) (t2).

L.5. Fólksfjöldi og flóttaleiðir

Hvergi er lengra en 39 m (30 m + 30% v.sprinklers) í útgang eða annað brunahólf.

Frá verslun eru þrjár áhóðar flóttaleiðir beint út. Tvær 0,9 m breiðar flóttaurðir í versluninni og ein 1,8 m breið flóttahurð er við aðalinngang.
Miðað við 3 m2/mann og nýtanlegan gólffleti u.þ.b. 660 m2 (925 m2 nettó gólffletur minus innréttingar sem taka a.m.k. 265 m2 skv. teikningu), þá er mest gert ráð fyrir 220 manns í versluninni. Flóttaleiðir eru þrjár, tvær 0,9 m breiðar hurðir og ein 1,8 m breið hurð sem er við hlið rennihurðar. Ef rennihurð lokast eiki við það þá brunaviðvörunarkerfi heldur helst opin, það er breidd flóttaleiðar þar í gegn a.m.k. 1,2 m og verður þá róðanda. Þannig er minnsta heildar breidd flóttaleiða alls 3,0 m og geta þ.a.l. annað allt að 300 manns og eru því í lagi.
Frá lager og bakrými eru flóttaleiðir annars vegar beint út um gönguhurð bakatil og hins vegar um kjötþökkun og inn í verslun og þaðan út. Við hurð á milli verslunar og kjötþökkunar skal vera brotrofi til nota í neyð. Frá kaffistofu starfsmanna er flóttahurð beint út.

Frá leigurými eru tvær áhóðar flóttaleiðir beint út, hvor um sig 0,9 m á breidd. Önnur út um aðaliinngang en hin í gegnum vörumóttöku/lager.

Hurðir í flóttaleiðum frá verslun Krónunnar skulu vera með paniklás í samræmi við ÍST EN 1125. Aðrar hurðir í flóttaleiðum skulu vera með opnunarbúnað í samræmi við ÍST EN 179 þ.e. hægt að opna þær með einu handtaki.

I.6. Brunaviðvörunarkerfi

Viðurkennt brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. ÍST EN 54 og reglum Mannvirkjastofnunar. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð. Stjórnstöð ásamt yfirlitsmynd verður í stjórnherbergi vatnsúðakerfis. Útstöð verður við aðaliinngang verslunarinnar og við inngang leigurýmis.

I.7. Loftræsikerfi

Brunavarnir vélrænnar loftræsingar verður í samræmi við gr.9.6.14 í byggingarreglugerð.

I.8. Reyklosun

Reyklosun frá verslun verður um rafstýrðar reyklúgur í þaki og er opnun reiknuð a.m.k. 0,5% af gólfflatarmáli sem eru rúmir 7 m². Hver reyklúga verður a.m.k. 1 m2 og skal vera hægt að opna þær með rofum frá stjórnherbergi vatnsúðakerfis. Ein reyklúga verður í vörumóttöku/lager verslunar. Sex reyklúgur verða í þaki verslunar og dreifast þær jafnt yfir hæsta hluta þaksins. Leigurými er u.þ.b. 184 m² og verður reyklosun frá því um tvær hurðir (alls samtals 3,9 m²) í sitt hvorum enda rýmisins.

I.9. Vatnsúðakerfi

Sjálfvirkt vatnsúðakerfi verður í öllu húsinu.

Vatnsúðakerfið verður hannað skv. ÍST EN 12845:2004 og verður í áhættuflokki OH3. Gert er ráð fyrir hraðopnandi úðahausum og verður kerfið tengt stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis. Vörur verða að mestu leyti í Category I, II og III skv. staðli og er leytileg stöðluninthæð 1,7 m fyrir Category III, 2,6 m fyrir Category II og 3,5 m fyrir Category I. Gerðar verða einfaldar leiðbeiningar sem hjálpa verslunarstjóra/starfsfólki að greina í hvaða flokki vörur lenda til að uppfylla kröfumar. Í vörumóttöku og lager er gert ráð fyrir öllugri sprinkler eða High Hazard en þá er hægt að stafla vörum í Category III upp í 4,7 m miðað við 15 mm/min vatnspéttleika.

Kleti með stjórnbúnaði vatnsúðakerfis verður í sér brunahólfi og aðgengilegur utan frá bakatil. Tvöuraterigi verður við inngang inn í stjórnklefa vatnsúðakerfis.

I.10. Slökkvitæki

Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 verða sett upp í öllu húsnæðinu en auk þess vera í kjúklingaeldhúsi, kaffistofum starfsfólks og tæknirými. Hámarks fjarlægð í næsta slökkvitæki má hvergi vera meira en 25 m. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila.

Staðsetning slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

I.11. Út-og neyðarlýs

Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsnæðinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838. ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.

Reikna skal með a.m.k. 1 lux á flóttaleiðum og 0,5 lux í stærri rýmum svo sem í verslun og lager en einnig í salernum fyrir fatlaða.

Lýsing þart að vera utanhúss við útidyr flóttaleiða.

I.12. Aðkoma slökkviliðs

Aðkoma slökkviliðs er að aðaliinngangi en einnig að inngangi bakatil, við móttökusvæði, þar sem einnig er aðkoma að stjórnklefa vatnsúðakerfis.

I.12. Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa

Þjónustusamningur skal gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (vatnsúðakerfi, brunaviðvörunarkerfi, reyklúgum, rafstýrðum rennihurðum, handvirkum slökkvibúnaði og út- og neyðarlýsingu). Samkvæmt reglum skal setja upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir rekstraraðila í húsinu.

SJÁLFSAFGREIÐSLUSTÖÐ

Almenn lýsing

Sjálfsafgreiðslustöð / fjölorkustöð N1- matshluti 02, verður reist á sömu lóð að Norðurhellu 1. Tæknirými sem er 7,8 m² að brúttóflatarmál og 20,8 m³ að rúmmál, verður niðurgrafið að hluta og stendur það 1,5 m ofanjarðar. Tæknirýmið er fyrir rafmagnslagnir, stýringar, vökvörunarbúnað, loftpressur og annað það sem þarf til að reka eldsneytisafgreiðslutna.

Tæknirýmið er staðsteypt einangrað og klætt að innan. Veggir eru gerðar úr 180 sjónsteypu með 50mm einangrun að inn sem klæðast svo með krossviði. Botnplata er staðsteypt með 50mm einangrun undir. Rýmið verður loftræst með rist í hurð. Þak er steypt plata með vatnshalla. Þak verður síðan einangrað að innan með 50mm steinull sem verður klædd með krossviði. Yfra byrði hússins verður með steypupáferð og lit. Við tæknirýmið koma steyptar tröppur með stoðveggjum.

Í tæknirými og í tröppugólfi við tæknirými eru niðurföll. Afgreiðslustöð er fyrir eldsneyti til áfyllingar á véknúin ökutæki með einni afgreiðslueyju og einu afgreiðslutæki. Afgreiðslu-og áfyllingarplan eldsneytis er steinsteypt með snjóbræðslu og er rýmil fyrir tvö ökutæki.

Niðurgrafinn eldsneytisgeymir er 60 m³ með tvöföldu stálbyrði undir afgreiðslueyjunni, ásamt niðurgröfnum geymi fyrir rúðuvökva.

Loftþrýstingur er á milli byrða eldsneytisgeymis sem tengist vöktunarbúnaði, sem er lekavöðvörun og einnig hæðarskynjun.

Samkvæmt reglugerð nr. 884/2017 um „Varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi" verða niðurföll frá afgreiðslu- og áfyllingarplani tengt sambyggðri sand- og olíuskilju sem er með vöktunarbúnaði. Vöktunarbúnaður, stjórnbúnaður og annar rafbúnaður verður í hæfilegri fjarlægð innan tæknirýmis og hlíð afgreiðslustöðvar.

Samkvæmt reglum MVS frá oktober 1993 um brunavarnir bensínstöðva þá verða merkingar sem banna reykingar og meðferð opins elds á áryggissvæði - sbr. gr.39. reglugerð nr.884/2017.

Engin bygging er innan öryggissvæðis sem nær 12 m frá afgreiðslutækjum, útloftunarröram og 5 m frá áfyllingarplani.

Engin almenn bílastæði eru innan 6 m frá afgreiðslutækjum og útloftunarröram. - sjá nánar leiðbeiningarblað MVS 196.13-14 BR0.

Útloftunarrörná 3,5 m upp fyrir jörð og eru innan í rýðfríum hólk.

Nánar er gerð grein fyrir lögnum á sérteikningum langahönnuðar.

Brunavarnir

Allur frágangur við eldsneytis afgreiðslu skal vera í samræmi við reglur Mannvirkjastofnunar um leiðbeiningar um brunavarnir á bensínstöðvum sem gefnar voru út af Brunamálastofnun Ríkisins 1993.
Við eldsneytisafgreiðslusvæði á lóð verður u.þ.b. 8.0 m² tæknirými sem telst vera í notkunarflokki 1. Það verður steinsteypt og staðsett í meira en 3 m fjarlægð frá afgreiðslutækjum (skv. leiðb.) og meira en 5 m frá útloftunarröram frá bensíntönkum.
Afgreiðslutæki bensínstöðvarinnar og loftunarrör eru staðsett meira en 6 m frá veruninni (skv. töflu 4.5.1 í leiðb.).
Skýli bensínafgreiðslu skulu borin uppi af veggjum, súlum eða öðrum sambærilegum burðareiningum úr óbrennanlegum efnum.

Árekstravarnir eru við bensíndælur.

Stærðir

Brúttó flatarmál tæknirýmis f. sjálfafgr.stöð	7,8 m²
Brúttó rúmmál tæknirýmis f. sjálfafgr.stöð	20,8 m³
Heildar brúttó flatarmál bygginga á lóð	**1.500,7 m²**
Heildar brúttó rúmmál bygginga á lóð	**7.760,0 m³**

Samþykkt þann
11. Nóv. 2020
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði
Sólveig Þorvaldsdóttir

SHS
10.11.2020

Yfirfarið af brunahönnuði
LOTA

breyting	dags	unnið
A	**11.11.19**	**egg**
Breyting á notkun í eignarhluta 01-02 og þ.m.t. breyting á fyrirkomulagi innanhús // reyklúga sem var staðsett í þaki (milli mátlinu 2 og 3) fellur út // breyting á fyrirkomulagi bílastæða og gönguleiða á lóð // nýtt sorpgerði norðan við hús //breyting á ásýndum þar sem tilfærsla hefur orðið á gluggum og hurðum sem tilheyra þessum eignarhluta // ljósaúrtök í útveggjum sýnd // tilfæringar á skiltum.		
B	**25.11.19**	**egg**
Sjálfsafgreiðslustöð fyrir eldsneyti kemur á vesturhluta lóðar (matshluti 02).		
C	**01.07.20**	**egg**
Breyting á matshluta 02. í tengslum við sjálfsafgreiðslustöð fyrir eldsneyti: tæknirými stækkar og dýpkar, annar farmur fyrir niðurföll frá afgreiðslu- og áfyllingarplani kemur neðanjarðar. Skráningartafla uppfærist sbr. stækkun tæknirýmis.		
D	**29.09.20**	**egg**
Breyting í kaflanum *"Fólksfjöldi og flóttaleiðir"*: flóttaleið úr kaffistofu starfsmanna - sjá nánar 4. mgr. Eftirfarandi texti tekinn út úr samaa kafla: *" rafdrifnar rennihurðir í aðaliinngangi skulu lokast við boð frá brunaviðvörunarkerfi og haldast lokaðar".*		

AÐALUPPDRÁTTUR

verk	Norðurhella 1 - Hafnarfjörður Krónan matvöruverslun
verkkaupi	Festi fasteignir
heiti	**Afstöðumynd og byggingalýsing**
mkv.	A1 1:500 / 1:300
dags	23.07.19
hannað	gov/egg
teiknað	egg

G.Oddur Viðisson arkitekt FAÍ
220564-4369

dap
development architecture property
Tjarnargata 4 101 Reykjavík
s 6604200 arkitekt@dap.is www.dap.is

verknr.	teikning	breyting
14-04-O	(99)1.01	D